



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti
b.t. skrifstofu stefnumörkunar og alþjóðasamskipta
Reykjastræti 6
101 Reykjavík
hvin@hvin.is

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 12. nóvember 2024

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindi og nýsköpun, mál nr. S-2019/2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindi og nýsköpun en markmið frumvarpsins er m.a. að einfalda sjóðaumhverfi vísinda og nýsköpunar. Samtökin eru hlynnt markmiðum frumvarpsins og styðja að málið nái fram að ganga.

SI taka undir mikilvægi þess að sameina krafta nýsköpunarsjóða á vegum ráðuneytisins þannig að úr verði nýir, öflugir og skilvirkari samkeppnissjóðir. SI fagna því sömuleiðis að til standi að minnka yfirbyggingu í sjóðaumhverfi á Íslandi. Mun skynsamlegra er fyrir hið opinbera að fjármagnið sem nú fer í rekstur og utanumhald nýtist í beinan stuðning við nýsköpun þar sem markaðsbrestur er til staðar, tímabundinn skortur er á fjármagni eða aðrar aðstæður kalla á stuðning hins opinbera. Einföldun sjóðaumhverfisins er til þess fallin að minnka umsýslukostnað og auka sveigjanleika en tryggja þarf að fyrri styrkir og verkefni sem þegar eru í farvegi verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum við sameiningu umræddra sjóða. Samtökin telja afar jákvætt að með Vísindasjóði sé lögð áhersla á vísindalega nýsköpun og tengingu við atvinnulíf þar sem vísindafólk sem starfar við grunnrannsóknir sé hvatt til að hagnýta rannsóknir sínar í þágu samfélags og atvinnulífs. Þannig sé bilið brúað á milli rannsókna hjá opinberum stofnunum yfir til þróunarstarfs og nýsköpunar á vegum fyrirtækja. Þá leggja samtökin áherslu á að sérhæfðir sjóðir, sbr. til dæmis Nýsköpunarsjóður námsmanna, glati ekki markmiðum sínum.

Samtökin styðja sameiningu Tækniþróunarsjóðs og Nýsköpunarsjóðs námsmanna í Nýsköpunarsjóð. Samtökin fagna því að með sameiningunni sé lögð áhersla á að fjármagna nýsköpunarverkefni fyrirtækja og einstaklinga og enn fremur að lögð verði áhersla á verkefni sprotafyrirtækja á upphafsreit. Að sama skapi fagna samtökin þeirri áherslu að sjóðurinn muni fjármagna nýsköpunarverkefni námsmanna og skapa þannig vettvang fyrir minni verkefni sem þó geta skilað miklu til lengri tíma. Það er jákvætt að námsmenn fái stuðning við að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd undir leiðsögn reyndari aðila. Samtökin leggja þó áherslu á mikilvægi þess að við sameiningu Nýsköpunarsjóðs námsmanna við stærri sjóð verði gætt að markmiðum sjóðsins um að efla frumkvöðlastarf og að nýsköpunarverkefni háskólanema verði ekki þynnt út. Nýsköpunarsjóður námsmanna hefur gegnt lykilhlutverki í að veita nemendum sín fyrstu tækifæri til að þróa hugmyndir sínar og skapa verðmæti fyrir samfélagið. Aðeins með skýrum ákvæðum og aðgreindri fjármögnun innan nýs Nýsköpunarsjóðs er hægt að tryggja áframhaldandi stuðning við námsmenn. SI fagna því að lögð sé áhersla á vísindalega nýsköpun og tengingu við atvinnulíf en ítreka mikilvægi þess að styrkveitingar séu byggðar á



skýrum matsviðmiðum og gagnsæi sem og að fjármögnun fyrir rannsóknartengt framhaldsnám og nýsköpunarnámsmenn verði viðhaldið, þá sérstaklega í raunvísindum og hugverka- og tæknigreinum.

Áherslusjóður á að leysa af hólmi nýsköpunarstyrki sem hafa m.a. styrkt nýsköpun á landsbyggðinni sem og nýsköpun fyrir heilbrigðiskerfið. Markmið sjóðsins er að verða „samstarfsvettvangur stjórnvalda þvert á málefnasvið, með reglubundnum hætti, til að skapa nýja hagnýta þekkingu samfélagsins til góðs.“ Samtökin benda á mikilvægi þess að atvinnulífið eigi fulltrúa í stjórn en samkvæmt frumvarpsdrögum er þriggja manna stjórn eingöngu skipuð af forsætisráðherra, fjármálaráðherra og ráðherra nýsköpunarmála. Sú stjórn skipar samkvæmt drögum fagráð fyrir hverja úthlutun og skulu þeir einstaklingar vera skipaðir á grundvelli víðtækrar reynslu af viðeigandi málefnasviði. Samtökin telja mikilvægt að ákvæðið geri kröfu um að a.m.k. einn úr atvinnulífinu sitja í fagráðinu sem uppfylli viðmið um þekkingu á áherslumáli hverju sinni sbr. skilyrði 15. gr. frumvarpsdraganna.

Samtökin ítreka stuðning sinn við markmið frumvarpsdraganna að einfalda sjóðaumhverfið á Íslandi og minnka yfirbyggingu. Mikilvægt er að leggja áherslu á langtímaárangur við fjármögnun fyrirtækja í hugverkaiðnaði og efla þannig þekkingarsamfélagið á Íslandi, þ.e. sprotafyrirtæki og háskóla- og rannsóknarstofnanir sem sinna rannsóknum og nýsköpun. Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Erla Tinna Stefánsdóttir,
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði